

Fyrirspurn til bæjarráðs Árborgar frá bæjarfulltrúa D-lista vegna framkvæmda í bókasafninu á Selfossi/jarðhæð ráðhúss Árborgar:

1. Hver er heildar-kostnaður við breytingar á jarðhæð ráðhúss Árborgar? Óskað er eftir að upplýsingar verði sundurliðaðar eftir verkþáttum, svo sem hönnun, smíðavinna, raflagnir, vinna við gólf, innréttingar og uppsetning, húsgögn og búnaður og svo framvegis.
2. Hvernig var staðið að vali á hönnuðum að verkinu?
3. Var gert ráð fyrir framkvæmdunum í fjárhagsáætlun ársins 2019 og þá hve hárrí upphæð? Var heildarkostnaðurinn innan þeirra marka?
4. Hvenær var sótt um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni?
5. Liggur brunahönnun fyrir varðandi jarðhæð ráðhússins og ef svo er, hefur hún verið samþykkt af brunavarnaeftirliti BÁ?
6. Óskað er eftir upplýsingum um áætlaðan (fjárhagsáætlun) og áfallinn kostnað vegna framkvæmda og húsbúnaðarkaupa á 2. og 3.hæð ráðhússins á árinu 2019 og 2020, sundurliðað með sama hætti og í spurningu 1. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvenær áætlað er að framkvæmdum við 2. og 3. hæð ljúki?
7. Var gerð þarfagreining fyrir framkvæmdina á öllum hæðum ráðhússins?

Kjartan Björnsson bæjarfulltrúi D-lista